

Efni: Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga

Bæta þarf frumvarpið hvað varðar gegnsæji og þverfaglega þekkingu. Slíkt er hægt að gera með ákvæðum um birtingu fundargerða, birtingu upplýsinga úr smitrakningagrunni og aðild hagfræðings í farsóttanefnd.

Forgangsraða þarf öllum sóttvarnaraðgerðum m.t.t. skilvirkni og kostnaðs. Hagfræðileg greining myndi liggja til grundvallar slíkri forgangsroðun. Slík greining hefur ekki farið fram í núverandi Covid-19 faraldri. Ópið aðgengi að gögnum myndi virkja ritrýni og tillögur frá fleiri aðilum ásamt því að upplýsa almenning og hagsmunaaðila um forsendur einstakra aðgerða.

Ábendingar varðandi einstakar greinar frumvarps:

8. gr. Farsóttanefnd

- Nefndin á að vera þverfagleg og forgangsraða aðgerðum. Taka til greina félagslega og hagfræðilega þekkingu líkt og gert er í Danmörku.
 - Dæmi um forgangsroðun aðgerða: Skerðing á opnunartíma veitingahúsa er áætlað að skili X fækkun smita og Y fækkun spítala innlagna, byggt á opinberum gögnum úr smitrakningagrunni. Kostnaður við aðgerðina er Z krónur. Þannig má bera saman skilvirkni og kostnað aðgerða.
 - Einn óháður hagfræðingur t.d. úr Fjármálaráði myndi leggja til greiningu á heildstæðum áhrifum sóttvarnaaðgerða. Einnig myndi hagfræðingur leggja til sérþekkingu í hagrannsóknnum við túlkun tölfræðilegra álitaefna. Heppilegast er að hagfræðingurinn sé ekki opinber starfsmaður svo hann sé óháður opinberum hagsmunum og sjónarmiðum.

9. gr. Hlutverk farsóttanefndar

- Bæta við ákvæði um að nefndin skuli birta fundargerðir opinberlega.
 - Ákvarðanir nefndarinnar hafa mjög víðtæk áhrif og því eðlilegt að ítarlegar fundargerðir séu birtar tímanlega líkt og gert er í öðrum sambærilegum opinberum nefndum.

16. gr. Jafnræði og meðalhóf

- Bæta við ákvæði um að meta skuli tímanlega alla helstu hagsmuni sem verða fyrir áhrifum sóttvarnaáðstafana.
 - Setja tímamörk um að innan tveggja mánaða frá ákvörðun skuli birta heildstæða greiningu svo hægt sé að meta hvort meðalhófi var fylgt við ákvarðanir.
 - Í Covid-19 faraldri urðu tugþúsundir fólks atvinnulaust að hluta eða öllu leyti, heimilisofbeldi jókst, sjálfsmorðum fjölgaði, brottfall úr íþróttum jókst og almennu heilsufari hrakaði. Greining á þessum þáttum og fleiri hefði átt að fara fram með reglulegum hætti.
 - Erfitt er fyrir opinbert starfsfólk í tryggu starfi að skynja fyllilega áhrif sóttvarnaaðgerða nema fyrir liggi heildstætt mat.

18. gr. Upplýsingaskylda stjórnvalda

- Bæta við ákvæði um opinn aðgang að smitrakningagrunni þar sem persónugreinanlegar upplýsingar hafa verið afmáðar. Til að fagfólk og almenningur geti metið skilvirkni sóttvarnaaðgerða. Dæmi: Skíðasvæðum er gert skylt að loka með neikvæðum áhrifum á ungmenni og almenna lýðheilsu. Án aðgengi að smitrakningagrunni er ekki hægt að sjá hve margir hafa smitast á skíðasvæðum.

Virðingarfyllst

Björn A. Hauksson

Hagfræðingur